

# Orkustofnun

Úttekt á eignastofni HS Veitna hf.

Deloitte ehf.

Smáratorg 3

201 Kópavogur

Sími: +354 580-3000

[www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)

## Efnisyfirlit

1. Tilgangur, markmið og umfang úttektarinnar .....	2
2. Fjárhagskerfi og innra verklag.....	2
3. Úttektin .....	3
3.1. Skoðun fylgiskjala .....	3
3.2. Yfirferð á reiknuðum afskriftum.....	3
4. Niðurstöður .....	4

## 1. Tilgangur, markmið og umfang úttektarinnar

Orkustofnun (OS) hefur heimild til að gera úttektir á dreifiveitum samkvæmt VII. kafla raforkulaga nr. 65/2003. Með úttektum á ákveðnum bókhaldslegum þáttum dreifiveitna leitast OS eftir því að verklag við setningu og uppgjör tekjumarka verði sem mest samræmt milli dreifiveitna. Niðurstaða úttektar getur leitt til athugasemda við viðkomandi dreifiveitu auk leiðréttingar á uppgjóri tekjumarka og einnig mögulega breytingu á verklagi OS við eftirlitið. Tilgangur úttektar er að rýna undirgögn sem liggja að baki innsendum upplýsingum um eignastofn sem liggur til grundvallar tekjumörkum. Úttektin er ekki framkvæmd vegna gruns um misfellur í upplýsingum heldur fremur vegna mikilvægis eignastofns í tekjumörkum og sem hluti af yfirferð OS á verklagi við setningu og uppgjör tekjumarka.

Þessi skýrsla fjallar um yfirferð okkar á eignastofni HS Veitna hf. (HSV)

Við förum í úttektinni yfir fjárfestingar á árinu 2015 og stöðu á eignastofni 31. desember 2015 byggt á þeim gögnum sem dreifiveitan sendi til OS. Úttektin var framkvæmd til þess að greina eignastofn HSV og meta hvort að:

- a) Eignirnar tilheyri með sannanlegum hætti dreifiveituhluta og séu nýttar til tekjuöflunar.
- b) Gögn á bak við eignfærslur ársins séu fullnægjandi og styðji réttmæti eignfærðrar fjárhæðar.
- c) Afskriftir séu í samræmi við nýtingartíma (líftíma) eignanna.
- d) Endurmat eigna sé í samræmi við heimildir fyrirtækjanna og ákvarðanir OS.

## 2. Fjárhagskerfi og innra verklag

Haldið er utan um eignir í ítarlegri eignaskrá í fjárhagskerfinu til þess að fylgjast með afskriftum og eftirstöðvum stofnverðs fastafjármuna.

Allur beinn kostnaður er færður á verk sem í upphafi eru ýmist skilgreind sem fjárfestingarverk, rekstraravek eða söluverk á þriðja aðila. Fjárfestingaverk eru gróft séð skilgreind sem viðbætur við dreifikerfið eða endurbygging ákveðins hluta þess. Einstök verkefni eru færð á rekstur en sé sem dæmi allt lagt nýtt í heilar götur er það eignfært. Endurnýjun á einni heimtaug/götukassa hefur verið túlkað sem rekstur en á öllum heimtaugum/götukössum í götunni í einu sem fjárfesting. Varðandi búnað hefur verið tekið mið af eignfærslureglum skattalaga. Í árslok er hluti rekstrar innkaupa- og birgðadeildar færður á fjárfestingarverk sem umsýslukostnaður í hlutfalli við þann efniskostnað sem á verkin hefur verið færður. Þetta hlutfall getur verið breytilegt milli ára en er yfirleitt um 30%

og lægra ef fjárfestingar eru mjög litlar. Í árslok er listi yfir bókfærðar fjárfestingar yfirfarinn af stjórnendum og ef kostnaður á einstökum verkum er mjög lítill er hann yfirleitt gjaldfærður.

### 3. Úttektin

#### 3.1. Skoðun fylgiskjala

Til að nálgast markmiðin með úttektinni voru framkvæmdar nokkrar prófanir. Umfangsmesta prófunin var úrtaksskoðun á eignfærslum ársins 2015, en við fengum lista með hreyfingum á bak við eignfærslur ársins. Við bárum samtölu eignfærslna í bókhaldi saman við eignfærslur í eignaskrá og var ekki um að ræða neinn mismun. Ákveðið var að skoða 8 eignarreikninga sem voru valdir með úrtaksfræði Deloitte. Upphæð úrtaksins var rúmlega 264,5 mkr. af tæplega 610 mkr. heildareignfærslum og því voru um 43% eignfærslna skoðaðar. Við fórum á starfsstöð HSV og voru skoðuð alls 46 fylgiskjöl. Ekkert af þeim eignfærða kostnaði sem við skoðuðum reyndist hafa verið færður á ranga deild. Það er mat okkar að gott skipulag sé á eignfærslum hjá HSV og auðvelt reyndist að rekja eignfærðan kostnað til frumgagna. Samkvæmt fyrningartöflu sem notuð er til grundvallar reikningsskilum HSV er byrjað að afskrifa eignfærslur ársins, sem bendir til þess að eignirnar séu orðnar tekjuberandi. Viðeigandi fylgiskjöl voru að baki þeim eignfærslum sem við skoðuðum.

#### 3.2. Yfirferð á reiknuðum afskriftum

HSV hefur lagt mat á líftíma eigna félagsins og mótað sér reglur um hrakvirði og afskriftir. Hrakvirði eignanna er 10% af endurmetnu stofnverði þeirra. Hjá HSV eru eftirfarandi afskriftarprósentur notaðar:

Dreifikerfi 3,3% <sup>1)</sup>

Húsnæði 2 - 4%

Tölvukerfi og búnaður 20%

Bílar 20%

<sup>1)</sup> Í ROF handbók er talað um að afskriftarhlutföll dreifikerfis rafveitu sé 4% og flutnings- og aðveitukerfi rafveitu 3,3%.

Undir dreifikerfi heyrja jarðstrengir sem eru 11 - 66 kV.

Afskriftir eru reiknaðar af endurmetnu stofnverði rekstrarfjármuna og gjaldfærðar á meðalverðlagi. Forsendur að baki þessum afskriftarhlutföllum eru ROF handbókin (reikningsskila – og fjármálahandbókin) sem er leiðbeinandi fyrir íslenskar orkuveitur á sviði reikningshalds.


HSV notar sömu afskriftarhlutföll og voru notuð á eignum sem félagið hefur keypt eða eignast með sameiningum við önnur veitufyrirtæki. Þau afskriftarhlutföll sem þar eru ræðir eru 3%, 3,3% og 5%.

#### 4. Niðurstöður

Úttekt á eignfærslum HSV á árinu 2015 og á eignastofni sem liggur til grundvallar uppgjöri tekjumarka hefur ekki leitt annað í ljós en að flokkun fastafjármuna félagsins uppfylli kröfur raforkulaganna. Einnig eru afskriftir eignaflokka í samræmi við leiðbeiningar Orkustofnunar.

Kópavogur, 31. janúar 2017

**Deloitte ehf.**



Lárius Finnbogason  
endurskoðandi